

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0031

Dags. 10.10.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 31. mál á 144. löggjafarþingi
Lánasjóður íslenskra námsmanna (endurgreiðsla lána og niðurfelling)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992

Ofangreint frumvarp er til þess fallið að bæta réttarstöða námsmanna sem eiga í erfiðleikum með að endurgreiða námslán vegna örorku, fötlunar og veikinda. Einnig yrði hagsmunum ellilífeyrisþega og afkomenda þeirra betur borgið en hingað til. Komið hafa upp tilfelli þar sem ættingjar lántakenda eða ábyrgðarmanna hafa skyndilega orðið ábyrgir fyrir eftirstöðvum námslána, jafnvel löngu eftir fráfall þeirra. Ekki getur talist ásættanlegt að þannig geti jafnvel hending ráðið því hver verði endanlegur greiðandi. Þar sem frumvarpið kveður á um úrbætur á öllum þessum atriðum styðja Hagsmunasamtök heimilanna eindregið að það hljóti brautargengi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formaður@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is